

Stjórn Samtakanna '78
Starfsárið 2017 – 2018
13. fundur

Þann 31. Júlí 2017 var haldinn fundur að Suðurgötu 3 kl. 20:30.

Fundargerð ritaði Álfur Birkir Bjarnason

Fundinn sátu: María Helga Guðmundsdóttir - MHG, formaður. Sigurður Júlíus Guðmundsson - SJG, varaformaður. Benedikt Traustason - BT, gjaldkeri. Álfur Birkir Bjarnason - ÁBB, ritari. Guðmunda Smári Veigarsdóttir - GSV, meðstjórnandi. Marion Lerner - ML, áheyrnarfulltrúi trúnaðarráðs í stjórn. Daníel Arnarsson - DA, framkvæmdastjóri.

Fundur settur 20:30

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir 8., 9., 11. og 12. fundar samþykktar.

2. Trúnaðarráð

Brýnt er að trúnaðarráð fundi. Skipa þarf eftirmannskju formanns líkt og rætt var á sameiginlegum fundi stjórnar og trúnaðarráðs í maí. MHG mun koma málinu í farveg.

3. Hinsegin dagar

Skipulag gleðigönguatriðis gengur vel. Stjórnarliðar munu hvetja fólk til að skrá sig í atriðið, enda þurfum við marga þátttakendur.

4. Kynheilbrigði

GSV og ÁBB munu skipuleggja vitundarvakningu í gegnum Scruff, Grindr og annað um kynheilbrigði. ÁBB hefur samband við landlækni, sóttvarnarlækni, yfirlækni húð og kyn og yfirlækni A3 deildar Landspítalans. GSV mun hafa samband við stefnumótaöpp.

Fundi slitið 21:30